

Skólaráð

Mætt: Erla Jóna Steingrímsdóttir (fulltrúi kennara), Sigríður Ingólfssdóttir (fulltrúi foreldra), Jón Ragnars (fulltrúi foreldra), Alexander Kárason (fulltrúi grenndarsamfélags, Ingrid Lín Chan Óskarsdóttir (fulltrúi nemenda), Margrét María Marteinsdóttir (fulltrúi nemenda), Ágústa Ragnarsdóttir (fulltrúi almenns starfsfólks), Ásta Benediktsdóttir (fulltrúi kennara), Þórhildur Elfarsdóttir (skólastjóri)

Dagný Kristinsdóttir deildarstjóri ritaði fundargerð í fjarveru Þórönnu Rósu Ólafsdóttur.

Gestur fundarins var Björk Einisdóttir deildarstjóri sem kynnti uppfærða eineltisáætlun, skólareglur og viðurlög við agabrotum.

Samkvæmt fundarboði var dagskrá fundar:

- Eineltisáætlun
- Skólareglur
- Viðurlög við agabrotum
- Önnur mál

Í upphafi fundar óskar Sigríður eftir því að fá orðið og gerir athugasemd vegna fundarritunar síðustu fundargerðar, en sá fundur var haldinn 15.janúar sl. Að mati Sigríðar var fundargerð ekki samþykkt en síðar birt á heimasíðu skólans. Hún óskar því eftir því við skólaráð að það haldi sig við fyrri venjur og að fundargerð sé send í tölvupósti. Hún bendir jafnframt á að venjan hafi ekki verið sú að fundargerð sé lesin upp á fundi. Hún telji að það hafi aldrei verið tekið fram eða óskað eftir því að fundargerð sé samþykkt.

Þórhildur svarar því að þessi vinnubrögð séu í takt við Persónuverndarlög.

Aðrir fundarmenn bentu á að fundargerð hafi verið lesin upp og spurt hafi verið hvort hún væri samþykkt. Alexander segir að fundargerð hafi verið lesin upp og samþykkt en að mögulega hafi ekki verið rætt um vinnubrögðin.

Jón Þór bendir á að hans hafi verið getið í fundargerð en hann sat ekki fundinn. **Í þeirri fundargerð kemur fram: Jón Ragnars (fulltrúi foreldra) boðaði forföll og náði ekki að koma inn varamanni (úr fundargerð 15.01.19).**

Rætt um farveg fundargerða og þann tíma sem fólk hefur til að bregðast við.

Samþykkt að fundargerð verði send fundarmönnum í tölvupósti . Eins að óskað verði eftir athugasemdum við hana innan sjö daga frá því hún berst fólki.

Sigríður óska eftir því að þetta verði bókað:

Ég geri athugasemdir vegna fundarritunar síðasta skólaráðsfundar þann 15.01.2019

1. Fundargerðin var ekki lesin upp til samþykktar, ekki send til fulltrúa en birt á heimasíðu skólans viku eftir fundinn. Einnig eru rangfærslur í fundargerðinni sem ekki gafst því tækifæri til að leiðrétta. Venjan síðustu tvö ár sem ég hef setið í skólaráði hefur verið að fundargerðin er send út eftir fundinn og óskað er eftir athugasemdum. Því bið ég um að skólaráðið haldi sig við fyrri venjur og sendi fundargerðina út til samþykktar.
2. Úr handbók Menntamálaráðuneytisins o.fl. um skólaráð.

Fundarritun

Nauðsynlegt er að ákveða hvernig staðið er að ritun fundargerða. Eru þær stutturðar með yfirliti yfir helstu mál? Tekur einn fulltrúinn að sér að skrá fundargerðir, ætla fulltrúar að skiptast á eða er fenginn utanaðkomandi aðili til þess að sjá um fundarritun? Ef síðasti kosturinn er valinn þarf að hafa í huga að viðkomandi hefur ekki rétt á að taka þátt í umræðum á fundunum. Hér má finna leiðbeiningar um góðar fundarvenjur þ.á.m. ritun fundargerða.

Í ljósi þess að í skólaráði okkar hafa til langs tíma setið 2 skólastjórar sem báðar hafa stýrt og tekið til jafns þátt í umræðum er nauðsyn til breytinga sbr. *Lög um grunnskóla 2008* nr 91. 8.gr

[Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja tímabundið um undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar til ráðuneytis. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast undanþágur samkvæmt þessari grein. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum skólaráðs verður sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.]

Sigríður Ingólfssdóttir

Sigríður bendir einnig á að á síðasta fundi hafi komið fram ósk við svör við spurningum varðandi upplýsingarfund. Erla Jóna bendir á að það hafi verið á þarsíðasta fundi. Þórhildur segir þetta hafa verið rætt á síðasta fræðslunefndarfundi og þar hafi verið bókað að fylgjast þurfi vel með málum.

Alexander nefnir að það sé ekki sameiginleg leið að lausnum ef foreldrafélagið boði einhliða til fundar.

Fram er lögð bókun fulltrúa foreldra í skólaráði vegna upplýsingafundar sem haldinn var 20.nóvember sl.

1. Bókun stjórnar Foreldrafélags Varmárskóla um skriflegar spurningar skólastjórnenda til stjórnar vegna upplýsingafundar 20.nóvember 2018.

Stjórnir foreldrafélaga eru lýðræðislega kjörnar og eitt af hlutverkum þeirra er að standa vörð um velferð nemenda og felur það líka í sér að ræða þætti sem ekki eru jákvæðir. Stjórnir eru sjálfstæðar og ber því engin skylda að upplýsa skólastjórnendur, hvorki í skólaráði né annars staðar um fundi. Stjórn Foreldrafélagsins metur það hins vegar svo í ljósi þeirra eftirmála sem hafa orðið af hálfu skólastjórnenda eftir upplýsingafund stjórnar og fullyrðinga sem ekki eiga við rök að styðjast að best sé að leggja fram skifleg svör til að upplýsa starfsmenn, foreldra og aðra um ástæður hans.

Hver var tilgangur fundarins 20.nóvember sl.? Á hvaða grundvelli var sú ákvörðun tekin að upplýsa hvorki skólastjóra Varmárskóla né fræðsluskrifstofu Mosfellsbæjar um fundinn?

Tilfni fundarins eru viðvarandi áhyggjur foreldra af mikilli og langvarandi vanlíðan nemenda, slökum námsárangri og skólabrag. Foreldrar hafa ítrekað rætt áhyggjur sínar við skólastjórnendur og fræðsluvið en það skilað takmörkuðum árangri. Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla hefur kynnt sér opinber gögn um líðan og námsárangur og komist að þeirri niðurstöðu að staðan sé alvarleg.

Í kjölfarið þótti ástæða til að boða til upplýsingafundar og eiga samtalið við fræðslunefnd, bæjarstjóra og fleiri til að allir sem málið varðar geti tekið höndum saman og sett hagsmuni og vellíðan nemenda og starfsmanna í forgang. Fundarboð var sent öllum aðalmönnum í fræðslunefnd, áheyrnarfulltrúum þeirra flokka sem ekki eiga aðalmenn og bæjarstjóra. Til að gæta jafnræðis var þeim flokkum sem eiga einn aðalmann eða áheyrnarfulltrúa boðið að senda tvo fulltrúa, varamann eða einhvern annan. Óskað var eftir skráningu á þátttöku. Fulltrúar meirihlutans (D og V) og bæjarstjóri þáðu ekki boð á fundinn.

Hvað var á dagskrá fundarins?

- Líðan nemenda
- Námsárangur
- Skólabragur
- Mælitæki, niðurstöður og eftirfylgni

Voru lögð fram gögn á fundinum og hvaða faglega aðkoma var að samantekt þeirra?

Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla hefur kynnt sér gögn þar sem lagt er mat á árangur og gæði skólastarfs með kerfisbundum hætti. Rýnt var t.d. í niðurstöður Rannsóknar og greiningar, Menntamálastofnunar, Skólapúlsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og komist að þeirri niðurstöðu að staðan sé alvarleg.

[http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-](http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-skjol/Skolaskrifstofa/Utgefid_efni/Ungt_folk_2017_nidurstodur_fyrir_5_7_bekkur.pdf)

[skjol/Skolaskrifstofa/Utgefid_efni/Ungt_folk_2017_nidurstodur_fyrir_5_7_bekkur.pdf](http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-skjol/Skolaskrifstofa/Utgefid_efni/Ungt_folk_2017_nidurstodur_fyrir_5_7_bekkur.pdf)

[http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-](http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-skjol/Skolaskrifstofa/Utgefid_efni/Ungt_folk_2016.pdf)

[skjol/Skolaskrifstofa/Utgefid_efni/Ungt_folk_2016.pdf](http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-skjol/Skolaskrifstofa/Utgefid_efni/Ungt_folk_2016.pdf)

<http://www.varmarskoli.is/skolastarfid/mat-a-skolastarfi>

https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa-atta_staerstu_sveitarfelogin.pdf

<https://mms.is/rafraenn-upplýsingagrunnur>

http://www.samband.is/media/tolfraedilegar-upplýsingar/Upplýsingarit_10_2018.pdf

<https://www.samband.is/verkefningin/verkstur-sveitarfelaga/talnaefni>

Hverjar voru að ykkar mati niðurstöður fundarins og hvernig á að nýta sér niðurstöðurnar?

Fundargestum var nokkuð brugðið eftir yfirferð foreldra og töldu ástæðu til að kynna sér betur stöðu Varmárskóla. Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla skorar á alla sem bera ábyrgð á fræðslumálum að taka höndum saman og setja hagsmuni barnanna og vellíðan í forgang. Stjórnin áskilur sér rétt til að ræða áhyggjur foreldra yfir ástandinu, innan sveitarfélagsins sem utan.

Sigríður Ingólfssdóttir, Jón Þór Ragnars

1. Skóladagatal 2019-2020

Þórhildur fer skóladagatal næsta skólaárs.

Minniháttar breytingar, foreldradagur færir um einn dag og skólaárið styttest um einn dag, var 181 dagur en á að vera 180. Vetrarfrí á svipuðum tíma og í Reykjavík.

Starfi lýkur 10.júní.

2. Efluskýrsla (viðbót við dagskrá)

Þórhildur leggur fram skýrslu. Þessi skýrsla var lögð fram á síðasta fræðslunefndarfundum. Þeir sem að henni koma eru tilbúin að koma á fund og kynna hana.

Alexander var á fundinum og fannst kynningin góð. Telur einnig að eigendur húsnæðisins og rekstraraðilar eigi að kynna þetta mál.

Jón Þór segir að þirringur hafi verið vegna þess að úttekt hafi verið gerð, skýrslan búin til og að skólinn hafi ekkert gert við hana. Ári seinna hafi verið gripið til aðgerða. Bendir jafnframt á að öll gögn sem lögð hafi verið fram hafi verið opinber gögn. Jón Þór beinir því til stjórnenda að taka húsnæði úr notkun ef grunur sé uppi um að það sé heilsuspillandi.

Þórhildur segir að Efluskýrslan hafi verið send samdægurs til Eignarsjóðs. Aðilar þaðan koma á staðinn og meta aðstæður. Þeir óskuðu ekki eftir því að stofan yrði tekin úr notkun.

Sigríður minnir á að stjórnendur hafi óskað eftir úttektinni, það megi ekki gleymast.

Ásta segir það skoðun sína að þetta mál sé á réttri leið. En húsvörður skólans fylgist vel með.

Sigríður leggur fram bókun:

Bókun fulltrúa foreldra í skólaráði 07.03.2019 vegna skýrslu frá Eflu 22.02.2019

Fulltrúar foreldra ítreka nauðsyn á heildarúttekt á húsnæði skólans frá verkfræðistofunni Eflu eins og fundað hefur verið um með aðkomu skólastjórnenda, yfirmanna bæjarins ásamt bæjarstjóra.

Við bendum á að verklokaskýrsla þessi er eingöngu **um hluta** þeirra skemmda sem fram komu í sjónrænni skoðun “innliti” vorið 2017 sbr. neðangreint.

Verklökaskýrsla

Mosfellsbær óskaði eftir að EFLA kæmi að eftirfylgni vegna framkvæmda á húsnæði Varmárskóla í kjölfar rakavandamála sem þar greindust í úttektum EFLU fyrst vorið 2017 og síðan að hluta aftur í sumarbyrjun 2018. Fjallað er um þau atriði sem komu fram og þarfnast úrbóta í minnisblöðum EFLU frá 12.06.2017 annarsvegar og 03.09.2018 hinsvegar. Hér eru atriðin upplistuð en EFLA kom að úrlausn á hluta þeirra og er þeirri vinnu lýst hér fyrir neðan.

Tekið er sérstaklega fram af skoðunarmönnum Eflu vorið 2017 að það sé fyrsta skref í nánari úttekt eða mælingum.

Skorum við því á bæjaryfirvöld að standa við gefin fyrirheit um heildarúttekt á skólahúsnæði Varmárskóla þannig að allri óvissu um óværu sé eytt.

Sigríður Ingólfssdóttir

3. Húsnæðismál (viðbót við dagskrá) - Brúarland

Umræða um Brúarland og þær aðstæður sem þar eru.

Mikil bílaumferð er fram hjá húsinu og rætt um svifryksmengun.

Þórhildur segir Brúarland hafa verið nýtt sem húsnæði, því eru ekki breytingar á eðli starfs sem þarfnist kynningar. Skólastjórnendur færu aldrei með börn í aðstæður ef þær væru ekki öruggar og tryggar. Skólastjórnendur hafi verið fullvissaðir um að allir þættir væru í lagi.

Sigríður bendir á að skýrslur sem lagðar hafa verið fram séu nokkurra ára gamlar. Bendir á Hljóðmælikort, gefið út af Mosfellsbæ og Vegagerðinni. En það var kynnt á fundi bæjaryfirvalda.

Jón Þór segir mikilvægt að öllum vafa sé eytt, því grunur leiki á að mengun sé mikil á þessum stað.

Þórhildur segir starfsmann bæjarins tilbúinn að koma á fund ráðsins.

Rætt um þann grundvöll að kasta spurningum til bæjarins hvort ráðstöfun, hljóðvist og annað hafi verið kannað til hlítar. Senda fyrirspurn á bæinn.

4. Eineltisáætlun

Björk Einisdóttir kynnir uppfærða eineltisáætlun skólans.

Fyrri áætlun er rúmlega árgömul og var fengin frá Grunnskóla Vestmannaeyja. Sú áætlun reyndist þung í vöfum og því ákveðið að einfalda hana. Eineltisteymi skólans hefur farið

vandlega yfir áætlunina og er farið að starfa samkvæmt henni. Þessi áætlun hefur verið kynnt starfsfólki. Búið er að birta áætlunina á heimasíðu skólans.

Sigríður spyr hvort þetta sé áætlun frá Erindi.

Björk segir að Erindi hafi lesið grunninn yfir og hún hafi teið allar ábendingar Erindis til greina og las áætlunina yfirmeð þær til hliðsjónar.

Bókun varðandi eineltisáætlun:

Óskað eftir því að áætlun sé send formlega á stjórn foreldrafélagsins og beðið um ábendingar.

Sigríður Ingólfssdóttir, Jón Þór Ragnars.

Áætlunin verður kynnt foreldrum að lokinni kynningu í skólaráði.

5. Skólareglur Varmárskóla.

Lagðar fram til kynningar. En reglurnar hafa verið samþykktar á starfsmannafundi skólans.

Björk fer yfir reglurnar.

Jón Þór kemur með ábendingu um einfaldað málfar í fyrsta lið.

6. Viðurlög við agabrotum.

Lögð fram til kynningar.

Björk fer yfir viðurlög við agabrotum. Var borið upp á starfsmannafundi. Þar voru gerðar lítilsháttar breytingar.

Sigríður telur grafaralvarlegt að fulltrúar foreldra hafi ekki verið kallaðir til við vinnu þessa. Sér í lagi þar sem til eru lög og reglugerðir í skólasamfélögum. Óskar eftir því að plaggið sé sent til stjórnar foreldrafélags og óskað eftir ábendingum.

Fundið slitið 09:47

Dagný Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

